

Ed.

488. Frumvarp til laga

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera lögmennsembætti, sakadómaramebætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Lögmaður fer með dómsmál, önnur en barnsfaðernismál og opinber mál, skiptamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, skráning firma, samvinnufélaga og hlutfélaga, notarialgerðir, yfirfjárráð, borgaralega hjónavigslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu húsi, mælingu og skrásetningu skipa, úrskurðun fátækramála og alþingiskosningar.

3. gr.

Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsídóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins.

4. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn, samanber þó 3. gr., strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

5. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m. slysa-tryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

6. gr.

Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglur um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

7. gr.

Verzlunarstaðurinn Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lög-reglustjórn.

8. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

9. gr.

Lögmaður, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr rikissjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, og hundraðsgjöld eða önnur innheimtulaun, sem ákveðin eru í lögum, skulu renna til eigenda innheimtufjárins. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma sérstök störf, eftir því sem fyrir verður mælt í launalögum eða fé veitt til í fjárlögum. Embættismenn þessir og fulltrúar þeirra skulu skyldir að takast á hendur setudómarastörf án annarar endurgreiðslu en útlagðs ferðakostnaðar, enda haldi þeir launum sínum á meðan á setudómarastörfum þessum stendur.

11. gr.

Lög nr. 67 frá 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, eru úr gildi felld.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.